



Félagsstofnun
Stúdentanna

Starfsáætlun 2014 - 2015

Leikskólinn Leikgarður

Umsögn foreldraráðs/foreldrafélags

Foreldraráð/foreldrafélag leikskólans skipa:

Agnes Ólöf Pétursdóttir
Brynjar Kristinsson
Eva-Charlotte Haensel
Helga Birgisdóttir
Hildur Halldórsdóttir
Lýdía Kristín Sigurðardóttir
Yrja Kristinsdóttir
Una Dögg Guðmundsdóttir

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Skólanámskráin á að vera aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Starfsáætlun leikskóla

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur þá stefnu að ár hvert skulu leikskólar borgarinnar og sjálfstætt starfandi leikskólar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skila starfsáætlun fyrir komandi leikskólaár, eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þar er jafnframt kveðið á um að starfsáætlun skuli lögð fyrir foreldraráð leikskólans til umsagnar.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Skóladagatal fyrir árið.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati Leikskólasviðs og/eða Menntamálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Leikgarðs fyrir árið 2014–15 er vel unnin og metnaðarfullt framlag og veitir innsýn í starf leikskólans sem miðar að því að börnunum líði vel og foreldrar þeirra séu öruggir vitandi af þeim í góðum höndum. Leikgarður starfar eftir bandarísku HighScope uppeldisstefnunni og er foreldraráð ánægt með þann ramma sem sú stefna setur skólanum að starfa eftir.

Innra mat er framkvæmt reglulega með notkun PQA Infant-Toddler Program Quality Assessment matslista á vegum HighScope og niðurstöðurnar notaðar til að bæta starfið sem er vel. Hins vegar má velja því upp hvort slíkt mat mætti vera byggt á fjölbreyttari gögnum. Ekki var framkvæmt ytra mat á starfinu, aðbúnaði barnanna eða umhverfi leikskólans í fyrra og ekki er á áætlun að slíkt fari fram í ár. Foreldraráð telur mikilvægt, eðli starfseminnar vegna, að ytra mat sé framkvæmt reglulega af óháðum aðilum.

Áætlanir um að gera dagskipulagið sýnilegra en nú er hljóma mjög vel en það mætti koma skýrar fram hvernig sú framkvæmd eigi að fara fram og hvernig eigi að tryggja að starfsmenn hafi tíma til að sinna þessum hluta starfsins sem og að samræmi sé á milli deilda varðandi þennan hluta starfsins. Í fyrri umsögnum er fjallað um iðjuskra sem núverandi starfsáætlun minnst ekki á.

Á Leikgarði er lögð mikil áhersla á góðan anda og byggist hann á samheldnu starfsfólki skólans. Það er gaman að sjá hversu vel er haldið utan um starfsfólk skólans og því gert kleift að blómstra í starfi, starfsmenn hvattir til að afla sér aukinnar menntunar og þeim gefið færi á að hafa sitt um starfsemina að segja í starfsþróunarviðtölum. Barnanna vegna er mikilvægt að halda góðum starfsmönnum innan leikskólans, minnka starfsmannaveltu og gæta þess að fjarvera starfsmanna eða óstundvísi hafi ekki áhrif á daglegt starf.

Foreldraráð telur afar brýnt að vinnslu við gerð skólanámsskrár ljúki sem allra fyrst..

Upplýsingar um starf leikskólans og einstakra deilda er dreift eftir mörgum leiðum. Foreldraráð saknar þess að ekki sé minnst á stefnu Leikgarðs í upplýsingamálum: hvernig upplýsingum er dreift og hvenær og að samræmis sé gætt á milli deilda. Þá telur foreldraráð mikilvægt að skólinn móti stefnu um “viðveru” sína á samfélagsmiðlum, hvernig þeir séu notaðir og hvernig tryggt sé að aðgengi sé aðeins fyrir hlutaðeigandi.

Næring er mikilvægur þáttur í daglegu lífi leikskólabarna. Foreldraráð telur mikilvægt að tekið sé fram í starfsáætlun eftir hvaða viðmiðum er starfað varðandi næringu barnanna og hvernig þeim er tryggt hollt og gott mataræði, sérstaklega yngstu börnunum. Þetta gæti verið hluti af heilsustefnu skólans sem tæki til fleiri þátta eins og hreinlætis.

Foreldraráðinu líst vel á starfsáætlunina og vonast til þess að þau atriði sem tiltekin eru í umsögninni nýtist starfsfólki Leikgarðs á uppbyggilegan máta.